

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 245/2014

2015/EES/61/01

frá 13. nóvember 2014

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 446/2014 frá 2. maí 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 251/2009 og (ESB) nr. 275/2010 að því er varðar gagnaraðir sem taka skal saman og viðmiðanir við gæðamat á hagskýrslum um skipulag fyrirtækja ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XXI. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 295/2008) og 11. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 251/2009):
„– **32014 R 0446**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 446/2014 frá 2. maí 2014 (Stjtið. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 13).“
2. Orðin „9C, 9D, 9E, 9F, 9G, 9H, 9M og 9P“ komi í stað orðanna „9C og 9D“ í 11. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 251/2009).
3. Eftirfarandi bætist við í lið 1m (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 275/2010):
„eins og henni var breytt með:
– **32014 R 0446**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 446/2014 frá 2. maí 2014 (Stjtið. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 446/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 132, 3.5.2014, bls. 13.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. nóvember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.